

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Austurlands þriðjudaginn 7. maí 2019 í máli nr. S-11/2019:**

**Ákærvaldið**

*(Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**A**

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Austurlandi, útgefinni 22. mars sl., á hendur A, kennitala [...], [...], [...]:

„fyrir líkamsárás í [...], með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 5. september 2018, veist að sambyliskonu sinni, B, kt. [...], á sameiginlegu heimili þeirra að [...], [...], þar sem hún sat á rúmdýnu í svefnherbergi og dregið undan henni dýnuna, með þeim afleiðingum að hún féll á stálgrind rúmsins og hlaut við það mar aftan á hægri handlegg og yfir hægri herðablaði og eymsli og bólgu í vöðvum í kring svo og roða yfir húð á hægri herðablaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið var upphaflega dómtekið þann 24. apríl sl., en endurupptekið fyrr í dag. Við endurupptökuna var af hálfu sækjanda lögð fram yfirlýsing lögmans brotaþola þess efnis að brotaþoli drægi til baka áður umkrafða einkaréttarkröfu að fjárhæð 2.000.000 króna, auk vaxta, en krafan hafði verið tekin upp í ákæruskjalið. Varð fulltrúi ákærvalds við þessari beiðni, en að því gerðu var málið samkvæmt kröfu dómtekið á ný.

## I.

Mál þetta barst héraðsdómi 2. apríl sl. og var fyrirkall dómsins gefið út þann sama dag, en það var birt ákærða 17. sama mánaðar. Við þingfestingu málsins, þann 24. apríl sl., sótti ákærði ekki þing og boðaði eigi lögmæt forföll. Var málið þá dómtekið að kröfu fulltrúa ákærvalds með vísan til 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008

um meðferð sakamála, en síðan endurupptekið og dómtekið að nýju fyrr í dag, eins og að ofan var rakið.

Þykir mega jafna framangreindri útivist ákærða til játningar hans með vísan til ofangreindrar lagagreinar, enda fer sú niðurstaða að mati dómsins ekki í bága við rannsóknargögn lögreglu, þ. á m. framburðarskýrslur og læknisvottorð. Telst brot ákærða því nægjanlega sannað og er það réttilega heimfært til lagaákvæða í ákæru.

## II.

Ákærði, sem er rétt [...] ára, hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður verið dæmdur til refsinga svo kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir með hliðsjóna af ákvæðum 1.tl. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Eftir atvikum þykir fært að fresta fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Að kröfu ákæruvalds og með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, sem er þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, eins og nánar segir í dómsorði, en engin kostnaður féll til af hálfu lögreglustjóra.

Af hálfu lögreglustjóra fór með málið Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, A, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá dómsuppsögu að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sakarkostnað, þ.e. þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Elvu Daggar Ásudóttir, lögmanns, 155.000 krónur.